


## MENNING

## Nýr Tinni bannaður

Bleiki lótusinn tekinn úr verslunum



**Iransævintýri**  
Önnur sjóræningjauktáfa staðsetur Tinna í Íran.

ÁDDÁENDUR ævintýra Tinna, belgiska blaðmannsins hugdjarfa, eru óteljandi en færast í spænski útleggingu á sögunni um *Bláa lótusinn*. Réttáhafar sagnanna um Tinna kunnu heldur ekki að meta *Bleika lótusinn*, verk Antonios Altarriba, og vegna þrýstings frá þeim hefur bókin nú verið fjarlægð úr verslunum á Spáni.

Eitt lyklatríði Hergés í sköpun Tinna var kynleysið; piltar og stúlkur á öllum aldri gátu samsamað sig hetjunni. Samkvæmt *The Guardian* er sá Tinni sem birtist í *Bleika lótusnum* ástríðufullur elskhugi og fullyrt er að opinskáar teikningarnar séu ekki alltaf við hæfi barna. Réttáhafar Tinna bókanna staðhæfa að verk Altarriba, sem kom úr á aldarafmæli Hergés í fyrra, „afbaki kjarnann í persónuleika“ Tinna. Réttáhafarnir kröfðust þess að bókin yrði fjarlægð úr verslunum, en þeir hafa á liðnum áratugum staðið vörð um arfleifð sköpunar Hergés.

Margir teiknarar hafa engu að síður freistast til að skapa eigin Tinna sögur, og oft ansi blautlegar. Í *Bleika lótusnum* birtist Tinni sem slúðurblaðamaður á fertugsaldri, sem má muna fífl sinn feturri. Altarriba segist vera á móti hugmyndaþjöfnaði, en að það sé alþekkt að teiknarar noti þekktar persónur á borð við Tinna. „Ég hef áður notað kunnar persónur í bókum mínum og aldrei lent í landræðum. En eftir þetta mun ég aldrei skrifa aftur um Tinna,“ segir hann. [efi@mbl.is](mailto:efi@mbl.is)

**MENNINGARNÓTT**  
23. ÁGÚST 2008 - TORG Í BORG

París kemur til Reykjavíkur á Menningarnótt. Alliance française stendur fyrir dagskránni Undir Parísarhimni í lóni, sem hefst kl. 18. Þá stígur á stökkleik- og söngkonan Adeline Moreau, sem leikur og sprellar með ástina sem Parísarbrúar ku þekja Öðrum betur. Hörpuleikarinn Marion Herrera tekur slaginn kl. 19 með spuna-leikkonunni Sólveigu Símhá, og ljóðrænt og skáldlegt víðfangs-efni þeirra verður „ólvinin“. Harmóníkkuball hefst kl. 20.

# Á dávaldi göfugleikans

## TÓNLIST

Salurinn

Kammertónleikar★★★★☆

Verk eftir J.S. Bach, Villa-Lobos og Mozart. Stefán Ragnar Höskuldsson flauta, Rúnar Óskarsson klarínett, Natalie Pilla fagott, Gerður Gunnarsdóttir og Guðný Guðmundsdóttir fiöla, Þórunn Ósk Marínósdóttir víola og Sigurgeir Agnarsson selló. Mánudaginn 11. ágúst kl. 20.

ÞRIÐJU tónleikar af sjö á vegum nýstofnaðrar Tónlistarháttíðar unga fólksins í Salnum 5.-17. ágúst fóru fram á mánudag við fyrirtaks aðsókn. Var gott að sjá fjölda ókunnugra andlita meðal hlustenda. Enda veitir víst ekki af

## Tónlist

## Gunnar og Guðný í Sigurjónssafni

TÓNLEIKARÖÐIN Sumartónleikar Sigurjónssafns heldur áfram í kvöld kl. 20.30 þegar hjónin Guðný Guðmundsdóttir og Gunnar Kvaran leika einleiks- og tvíleiksverk fyrir fiölu og selló.



Gunnar Kvaran og Guðný Guðmundsdóttir.

Meistaraverk Jóhanns Sebastians Bachs mynda meginþema efnisskrárinnar. Þá verður hlauðið yfir nokkur tímabil tónlistarsögunnar og leikin verk frá 20. og 21. öldinni, meðal annars fjörukt tvíleiksverk fyrir fiölu og selló eftir Arthur Honegger og nýtt íslenskt verk, *Eintal* eftir Karólínu Eiríksdóttur sem Karólína samdi snemma árs 2008 og tileinkaði Guðnýju í tilefni stórafmælis hennar.

## Tónlist

## Sumarið kveður í Bláu kirkjunni

TVENNIR tónleikar verða í Bláu kirkjunni á Seyðisfirði í vikunni. Á þeim fyrri, annað kvöld kl. 20.30, koma fram Andrés Þór Gunnlaugsson rafgítarleikari, Þorgrímur Jónsson kontrabassaleikari og Ragnheiður Árnadóttir söngkona og trommuleikarinn Scott McLemore. Þau flytja tónlist eftir franska tónskáldið Michel Legrand. Fimmtudagskvöld kl. 20.30 leika Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari og Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari verk Telemanns, en tónleikaferð þeirra er virðingartottur við hlutverk kirkna Íslands sem tónleikastaða, nú þegar Tónlistarhús rís hratt í Reykjavík.



Bláa kirkjan

## Myndlist

## Málmur og tré í Perlunni

ÁTTUNDA einkasýning myndhöggvarans Tedda stendur nú yfir í Perlunni.

Teddi hefur að mestu valið tré sem sinn efni við. Trén koma úr öllum áttum og hafa einnig ólíka áferð, lit og lögun, allt frá rekaviði að afrísku íbenholti. Teddi hefur að auki unnið í auknum mæli í málm af ýmsu tagi og má á sýningunni sjá samspil þessara ólíku efna, viðar og málmis.

Sýningin verður opin út ágúst og er aðgangur ókeypis. Listamaðurinn er alla jafna staddur í Perlunni síðdegis og segir áhugasömum gestum og gangandi sögu verka sinna.



Teddi við eitt verka sinna.

# Birtan er vinur vatnslitanna

- Ellefu myndlistarmenn sýna vatnslitamyndir í Ásmundarsal við Sigtún
- Listamennirnir eru af ólíkum bakgrunni og leiða vatnslitinn á ný mið

Eftir Bergþóru Jónsdóttur  
[begga@mbl.is](mailto:begga@mbl.is)

VATNSBERI er heiti stórrar myndlistarsýningar sem verður opnuð í Ásmundarsal á föstudag. Þar sýna 11 listamenn tæplega sjötíu verk, og verður þeim stillt upp með sýningu á verkum Ásmundar Sveinssonar, Lögum línunnar, sem nú stendur yfir í safninu.


Sýningarstjóri og viðmælandi okkar er Aðalsteinn Ingólfsson, sem svarar spurningunni um það hver staða vatnslitarins sé í íslenski myndlist í dag. „Það hefur kannski ekki borð jafn mikið á honum og öðrum greinum myndlistarinnar. Það má samt segja að hver málsmetandi listamaður sem málað hefur í olíu eigi sér sína spretti í vatnslitnum líka, en hafi kannski allt of oft litid á það sem formyndir og undirbúningur að „alvöru“ myndunum, olíumyndunum, í staðinn fyrir að horfa á hann sem þann sjálfstæða miðil sem hann sannarlega er.“

Annars er mikið líf í vatnslitamálun í dag, og þeir sem sýna á þessari sýningu eru toppurinn á ísjakanum og það er mikið lífsmark með henni. Málara eins og Georg Guðni eiga sér sín vatnslitatímabil, og reyndar flestallir sem eru þekktir fyrir olíumálverk.“

## Listsköpun eða fönður

Þegar Aðalsteinn er spurður hvers vegna það orðspor loði við vatnslitamálun að hún sé hálfgerð fönður; létt verk og auðvelt, sem hver sem er ráði við, segir hann þar ákveðinn vanda á ferðum. „Það er ákveðinn hópur málara sem hefur komið óorði á miðilinn, fólk sem malar mikið, sýnir og selur verk sín sem gjafavörur, og kemst eins létt frá verkinu og mögulega er hægt. Það reynir að telja sínum kaupendum trú um að það sé hin eina sanna vatnslitakunst. Það er stór hópur sem er að gera vonda hluti í vatnslitum, og það skapar þetta orðspor.“

Listamennirnir ellefu koma úr ólíkum áttum, og eiga mjög ólíkan bakgrunn í myndlistinni. Sumir þeirra, eins og Eiríkur Smith og Hafsteinn Austmann eru vel þekktir fyrir vatnslitaverk sín, en hvað með listamenn eins og Guðjón Ketilsson sem þekktastur er að trévinna á síðustu árum, og Önnu Hallin sem hefur unnið í konseptlist. Aðalsteinn segir eldri málara hafi átt hugmyndina að því fyrir allnokkru að sýna saman, og þá fá



Skapnaðir „[Anna Hallin] malar privat tákni og skapnaði með vatnslitum og gvas vatnslitum.“

## Þau sýna:

Anna Hallin, Björn Birnir, Daði Guðbjörnsson, Eiríkur Smith, Guðjón B. Ketilsson, Hafsteinn Austmann, Harpa Árnadóttir, Helgi Þorgils Friðjónsson, Hlíf Ásgrímsdóttir, Torfi Jónsson og Valgarður Gunnarsson.

yngra fólk með til að breikka veröld vatnslitarins á Íslandi. Aðalsteinn segir hiklaust, „Ekkert“ spurður um hvað þau tvö síðastnefndu eigi sammerkt með þeim tveim fyrrnefndu í vatnslitamálun. „EKKI nokkurn skapadann hlut nema miðilinn. Þetta er spurningin um hvernig þessi gamlgróni miðill, vatnslitamyndin, geti sem best nálgast nútímann. Guðjón malar til dæmis stúdíur af húðmeinum sem hann hefur fundið í gömlum læknisfræðibókum. Ég held að það sé eins langt

og hægt sé að komast frá til dæmis, indælum náttúrastúdíum Eiríks eða Torfa Jónssonar. Anna Hallin er líka af öðru sauðahúsi og byggir sítt á öðrum hugmyndaheimi. Hún malar privat tákni og skapnaði með vatnslitum og gvas vatnslitum. Harpa er svo með enn eina tilraun til að reyna á miðilinn. Hún hefur til dæmis málað með vatnslitum litum með striga, sem fólk gerir yfirleitt ekki. Úr því skapar hún aðrar tilfinningar en ef hún ynni á pappír, og verk hennar eru á stærri skala og fletirnir stærrir. Hún kemur þannig líka til móts við olíumálverkið.“

Vatnslitirnir verða augljóslega af ýmsum toga á Vatnsbera í Ásmundarsafni. Og vel á minnst, Ásmundarsalur er ekki oft vettvangur nýrra sýninga. „Við vildum prófa þennan stað vegna birtunnar og til að sýna innanum skúlptúra Ásmundar. Birtan er jú helsti vinur vatnslitanna. Okkur langar að kanna hvort ekki takist að magna upp gott andrúmsloft í þessum hvítu söllum það sem eftir lifir árs. Þetta er kannski það tilraunakenndasta í sýningunni.“

um eyrum. Á hinn bóginn var Sarabandan svásnasta sælgæti, og loka-Bourréeið gekk líka vel, þrátt fyrir dýnamíska ekkóeklu.

Tvíþætt dúó Heitors Villa-Lobosar (1887-1959) fyrir flautu og fagott, nr. 6 úr fjöhljóðfæraflokk hans *Bachianas Brasileiras*, tjaldaði skemmtilegum hitabeltislitum þrátt fyrir heldur þröngt styrksvið fagottistans. Eins var gaman að fisléttum Flautukvartett Mozarts í D K285 (+ fiöla, víola og selló) – með smáfirirvara um fyrrnefndan þykkan flaututón, einkum í bláenda, og staka klessta eða hálfalska fiölutóna.

Aftur á móti kastaði rækilegum tólfum í lokaverki kvöldsins, Klarínettkvintetti Mozarts í A-dúr K581 fyrir klar. og strengjakvartett. *Noblesse oblige!* segir franska spakmælið – göfugleikinn útheimtir sömu mynt. Enda var líka sem við manninn mælt, því þetta frægasta og fegursta allra verka fyrir tóða áhöfn laðaði sem fyrir galdratilverknad fram alla beztu kosti spilaranna með óhætt að segja dáleiddandi áhrifum. Æðst og best í Largetto-þættinum (II), sem ég fullyrði að hafa aldrei heyrt betur leikinn á þessu landi.

Ríkarður Ö. Pálsson